

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 238. fundur.

Fimmtudaginn 25. mars 2021 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar. Fór fundurinn fram í gegnum Teams fjarfundabúnaði og hófst klukkan 13:00.

Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Einar Kristján Jónsson, ritaði fundargerð

Mætt voru:

Jón Gíslason, Jóhanna Magnúsdóttir, Berglind Hlín Baldursdóttir, Sverrir Þór Sverrisson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Þóra Sverrisdóttir, Jón Árni Magnússon og Einar Kristján Jónsson.

Dagskrá:

1. Bréf sem borist hafa:

- a. *Bændasamtökum Íslands, 16. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Áskorun til sveitarfélaga um að nota innlend matvæli í skólamáltíðir.
- b. *Samtökum iðnaðarins, dagsett, 15. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Áskorun um endurákvörðun álagningar stöðuleyfisgjalda.
- c. *Hveravallafélaginu, dagsett, 20. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Boðun hluthafa og aðalfundar.
- d. *Ísteka, tölvupóstur, dagsettur, 5. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Ósk um niðurfellingu reiknings og endurgreiðsla vegna fjallskila.

2. Fundargerðir:

- a. *Hússtjórn Húnavers, frá 23. mars 2021.*
- b. *Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins, frá 4. mars 2021.*
- c. *45. fundur stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, frá 12. mars 2021.*
- d. *Fundur með oddvita, fjallskilastjóra Grímtungu- og Haukagilsheiða og sveitarstjóra með Vestur Húnavetningum, vegna fjallskila.*

3. Samningar:

- a. *Samningur á milli Fjallalífs ehf. og Húnavatnshrepps vegna leigu á Áfangaskála.*

4. Sameining sveitarfélaga:

- a. *Skilabréf.*
- b. *Álit samstarfsnefndar um sameiningu Blönduósþéttvangs, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar.*

5. Önnur mál:

Oddviti setti fundinn klukkan 13:00.

Dagskrá:

1. Bréf sem borist hafa:

- a. *Bændasamtökum Íslands, 16. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Áskorun til sveitarfélaga um að nota innlend matvæli í skólamáltíðir.
 1. *Lagt fram til kynningar, sveitarstjórn Húnavatnshrepps vill vekja athygli á því að mótuneyti Húnavallaskóla hefur leitast við að hafa innlend matvæli í skólamáltíðir.*
- b. *Samtökum iðnaðarins, dagsett, 15. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Áskorun um endurákvörðun álagningar stöðuleyfisgjalda.
 1. *Lagt fram til kynningar.*
- c. *Hveravallafélaginu, dagsett, 20. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Boðun hluthafa og aðalfundar.
 1. *Lagt fram til kynningar. Oddviti gerði grein fyrir málinu.*
 - a. Sveitarstjórn samþykkir að Jón Gíslason, oddviti, fari með atkvæði Húnavatnshrepps á hlutahafa og aðalfundi Hveravallafélagsins, sem fyrirhugaður er 8. apríl næstkomandi.
- d. *Ísteka, tölvupóstur, dagsettur, 5. mars 2021.*
 - i. **Efni:** Ósk um niðurfellingu reiknings og endurgreiðsla vegna fjallskila.
 1. *Lagt fram til kynningar. Sveitarstjóra falið að óska eftir rökstuðningi hjá Ísteka vegna beiðni um endurgreiðslu á fjallskilakostnaði.*

2. Fundargerðir:

- a. *Hússtjórn Húnavers, frá 23. mars 2021.*
 - i. Lagt fram til kynningar.
- b. *Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins, frá 4. mars 2021.*
 - i. Lagt fram til kynningar.
- c. *45. fundur stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, frá 12. mars 2021.*
 - i. Lagt fram til kynningar.
- d. *Fundur með oddvita, fjallskilastjóra Grímtungu- og Haukagilsheiða og sveitarstjóra með Vestur Húnavetningum, vegna fjallskila.*
 - i. Lagt fram til kynningar.

3. Samningar:

- a. *Samningur á milli Fjallalífs ehf. og Húnavatnshrepps vegna leigu á Áfangaskála.*
 - i. Sveitarsjóri lagði fram leigusamning á milli Fjallalífs ehf. og Húnavatnshrepps vegna leigu á Áfangaskála.
 1. *Samningurinn gildir frá 1. júní 2021 og lýkur án uppsagnar 31. desember 2026.*
 - a. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning.

4. Sameining sveitarfélaga:

- a. Skilabréf.
- b. *Álit samstarfsnefndar um sameiningu Blönduósþéjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar.*

- i. Lagt fram að nýju.

1. *Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun sína frá 237. fundi sínum sem haldinn var þann 17. mars 2021, sem þannig var bókuð:*

- a. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir að atkvæðagreiðsla fari fram 5. júní 2021 og felur samstarfsnefnd að undirbúa atkvæðagreiðslu og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum. Sveitarstjórn lýsir því yfir að hún mun ekki nýta heimild í 2. mgr. í 120. gr. sveitarstjórnarlaga, komi til þess að sameiningartillaga verði samþykkt af íbúum í hluta sveitarfélaganna, nema að undangengnu samráði við íbúa. Sveitarstjórn vísar málinu til síðari umræðu sbr. 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. SPS, sat hjá við afgreiðslu málsins.

- i. *Sveitarstjórn leggur áherslu á að fylgt verði þeim áherslum sem fram hafa komið á fundum samstarfsnefndar með þingmönnum og ráðherrum varðandi brýn verkefni í atvinnu- og byggðamálum í Austur-Húnavatnssýslu. Svo sem stuðningi við stofnun Umhverfisakademíu, uppbyggingu ferðamannastaða, og fjölgun starfa við innheimtumiðstöð Sýslumannsins á Norðurlandi vestra á Blönduósi og Vinnumálastofnunar á Skagaströnd. Þá er að mati sveitarstjórnar mikilvægt að átak verði gert í uppbyggingu héraðs- og tengivega með það fyrir augum að tryggja greiðar samgöngur innan nýs sveitarfélags.*

1. Sverrir Þór Sverrisson, bókaði eftirfarandi:

Í síðustu sveitarstjórnarkosningum bauð ég mig fram á vegum N lista. Helstu áherslumál listans voru að leggjast gegn sameiningu sveitarfélaga og standa vörð um Húnavallaskóla. Nú hefur það gerst að meirihluti fulltrúa í sveitarstjórn Húnavatnshrepps hefur samþykkt að kjósa eigi um sameiningu sveitarfélaganna í Austur Húnavatnssýslu þann 5 júní næstkomandi, án þess að það liggi endanlega fyrir með hvaða hætti slík sameining hefði á nærþjónustu íbúa Húnavatnshrepps. Má þar nefna sorphirðu og gámavelli, viðhald girðinga, viðhald og rekstur félagsheimila, viðhald gangnamannaskála, viðhald rétta, þátttaka í



fjallskilum og ekki síst rekstur Húnavallaskóla. Formaður sameiningarnefndar og oddviti Húnavatnshrepps, lét hafa eftir sér í Morgunblaðinu að helsti ávinningur sameiningar sveitarfélaganna væri að Blönduskóli og Húnavallaskóli yrðu sameinaðir í einn skóla sem staðsettur væri á Blönduósi, finnst mér þetta ábyrgðarlaust tal, þar sem Húnavallaskóli veitir nú um 21 starfsmanni vinnu og allt tal um að engum starfsmanni verði sagt upp og allir haldi vinnu í nýjum skóla eru orðin ein. Með einhverjum hætti ætlar nýtt sveitarfélag að ná fram hagræðingu og er það gert með því að hagræða í mannhaldi og nærþjónustu. Af öllu ofangreindu og svo að ég svíki ekki kjósendur N lista sit ég hjá við þeirri tillögu sem hér var framlögð.

5. Önnur mál:

a. Sveitarstjóri gerði grein fyrir starfsmannamálum

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundargerð verður undirrituð síðar
Fundi slitið kl. 14:55.

Jón Gíslason

Sverrir Þór Sverrisson

Berglind Hlín Baldursdóttir

Ragnhildur Haraldsdóttir

Jóhanna Magnúsdóttir

Þóra Sverrisdóttir

Jón Árni Magnússon

Einar Kristján Jónsson